


LAXÁ Í LEIRÁRSVEIT
Fiskirannsóknir 1995.

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1996 VMST-V/96003X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vesturlandsdeild

LAXÁ Í LEIRÁRSVEIT
Fiskirannsóknir 1995.

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1996 VMST-V/96003X

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	Bls 1
2. AÐFERÐIR	Bls 1
2.1. Vatnshitamælingar	Bls 1
2.2. Vöktunarrannsóknir	Bls 2
2.3. Talningar á laxi	Bls 2
2.4. Fiskrækt	Bls 2
3. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐUR	
3.1. Hitafar	Bls 3
3.2. Vöktunarrannsóknir	Bls 3
3.2.1. Þéttleiki	Bls 3
3.2.2. Vöxtur	Bls 4
3.2.3. Umræður	Bls 4
3.3. Fiskirækt	Bls 5
3.3.1. Sleppingar sumaralinna seiða	Bls 5
3.3.2. Gönguseiði	Bls 5
3.4. Talning á laxi	Bls 7
3.5. Laxveiðin 1995	Bls 8
4. UMRÆÐUR	Bls 8
5. HEIMILDIR	Bls 10
TÖFLUR OG MYNDIR	Bls 11-16

1. INNGANGUR.

Allt frá árinu 1992, hafa árlegar rannsóknir verið gerðar af Veiðimálastofnun á laxastofni Laxár í Leirársveit að beiðni Veiðfélags Laxár. Í þessari skýrslu verður sérstaklega gerð grein fyrir niðurstöðum vegna ársins 1995. Rannsóknirnar skiptast í nokkra þætti og eru þeir helstu þessir:

1. Mælingar á vatnshita. Mælingar hófust með síríta árið 1994 og hafa verið framkvæmdar síðan. Markmið mælinganna er að fylgjast með breytingum á hitastigi árinna.

2. Vöktunarrannsóknir á seiðastofnum. Árlega er fylgst með seiðamagni og vexti á völdum veiðistöðum, en slíkar rannsóknir sýna hvort miklar sveiflur eigi sér stað í hrygningu og uppeldi seiða á vatnasvæðinu og eru m.a. grundvöllur skynsamlegra aðgerða í fiskirækt á vatnasvæðinu.

3. Fiskrækt. Skipulögð hafa verið verkefni sem lúta að sleppingu sumarialinna laxaseiða á ófiskgenga árhluta í vatnakerfinu og enn fremur sleppingu sjógönguseiða. Markmið verkefnanna er að svara þeirri spurningu hvort slíkar sleppingar hafi marktæk áhrif til aukningar á stangveiði og hvort arðsemi þeirra teljist nægilega mikil, þannig að veiðifélag árinna telji slík verkefni til hagsbóta fyrir rekstur veiðifélagsins.

4. Talning á laxgengd. Laxateljara var komið fyrir í Eyrarfossi sumarið 1993 og hefur hann verið starfræktur síðan. Markmið þessarar framkvæmdar er að athuga laxgengd upp á efra svæði árinna og hvernig nýtingu þess lax sé háttað.

Töluverðar rannsóknir hafa verið stundaðar á vatnasvæðinu (Teitur Arnlaugsson 1977, Þórir Dan Jónsson 1981, Sigurður Már Einarsson 1992, 1993, 1994).

2. AÐFERÐIR.

2.1. Vatnshitamælingar.

Mælingum á vatnshita með sírítandi hitamæli (Ms-110SH) var framhaldið sumarið 1995, en sambærilegar mælingar hófust sumarið 1994. Mælirinn er staðsettur í Eyrarfossi. Sírítinn mælir vatnshita árinna á 4 klst fresti frá maí til september. Slíkar mælingar eru mælikvarði á árferði og hafa slíkar mælingar mikið gildi, m.a. er unnt að tengja þær vaxtarskilyrðum seiða, vegna áhrifa á sjógöngu laxaseiða og laxgengd.

2.2. Vöktunarrannsóknir.

Mælingar á seiðaástandi fara fram síðari hluta sumars og að þessu sinni voru þær gerðar dagana 14 - 15. ágúst 1995. Veitt er með rafveiðitækjum á völdum stöðum á vatnasvæðinu sem yfirleitt eru þeir sömu á hverju ári. Farið er yfir ákveðið flatarmál á hverjum stað, allir fiskar tegundagreindir og lengdarmældir. Sýni af kvörnum og hreistri eru tekin af hluta aflans til aldursákvæðana. Við úrvinnslu eru síðan fjöldi seiða af hverjum aldurshóp umreiknaður yfir á 100 m² botnflatarmál. Farin er ein veiðiumferð á hverjum stað. Aðeins veiðist hluti seiðastofns á hverjum stað, en aðferðin gefur færi á hlutfallslegum samanburði á milli aldurshópa og veiðistaða. Auk þess eru meðallengdir seiða reiknaðar af hverjum aldurshóp, m.a. til að bera saman vöxt seiða á milli ára.

2.3. Talningar á laxi.

Laxateljari var starfræktur í Eyrarfossi þriðja árið í röð. Bilun kom fram í teljaranum hluta tímabilsins vegna tæknilegra örðugleika og orðu því niðurstöður ófullkomnar miðað við fyrri ár. Gerð teljarans hefur áður verið lýst (Sigurður Már Einarsson 1994).

2.4. Fiskrækt.

Sumaröldum seiðum var sleppt á ófiskgenga hluta Draghálsár í fyrsta sinn sumarið 1994 en þá var sleppt um 10.000 laxaseiðum á svæðið. Sleppingunum var framhaldið 1995, en þá var nokkru minna magni sleppt á svæðið eða um 6000 laxaseiðum. Afkoma seiðanna var könnuð sérstaklega í júlí og ágúst 1995.

Sérstakt verkefni vegna sleppinga á sjógönguseiðum hófst sumarið 1994 og var framhaldið sumarið 1995. Verkefnið er sett upp til þriggja ára, þ.e. árlegar sleppingar á 10.000 örmerktum sjógönguseiðum 1994-1996. Markmið þeirra er að kanna gildi slíkra sleppinga fyrir laxgengd og laxveiði í vatnakerfið og hvort slíkar sleppingar teljist vera arðbærar fyrir Veiðifélagið. Ákveðið var að sleppa slíku seiðamagni í þrjú ár til að niðurstöður teldust marktækar, m.a. vegna þess að umhverfi til lands og sjávar er breytilegt og geta umhverfisþættir haft mikil áhrif á endurheimtur seiða. Jafnframt var markmiðið að athuga hvort erfiðleikar kæmu fram vegna gerð sleppibúnaðar og við umhirðu seiðanna.

Seiði í verkefnið voru alin af Fiskræktarstöð Vesturlands og voru af stofni Laxár í Leirársveit. Seiðin eru svokölluð eins árs gönguseiði og var stærð þeirra við sleppingu 20-40 gr. Seiðin voru öll örmerkt, en slíkar merkingar eru nauðsynlegar til að endurheimtur liggi ljósar fyrir og slíkar merkingar sýna einnig hvort fiskur af Laxáruppruna veiðist annars staðar en í Laxá. Seiðunum hefur verið komið fyrir í sleppitjörn neðan við Eyrarfoss. Sleppistaðurinn var valinn með hliðsjón af því að lax er mjög ratvís og því talið hentugra að sleppa seiðunum ofarlega í Laxá, þannig að laxinn gengi fram ána og nýttist þannig betur til veiða, auk þess sem aðstaða fyrir sleppitjörn er þar góð og stutt að fara vegna umhirðu seiðanna. Jón Eggertsson á Eyri í Svínadal hefur séð um gerð tjarnarinnar og umhirðu seiðanna.

Sumarið 1995 var fyrsti möguleikinn á endurheimtum laxa vegna sleppinganna 1994. Því var átak gert til að hafa gott eftirlit með stangveiddum laxi sumarið 1995 og var það framkvæmt í veiðihúsinu við Lambhaga. Um eftirlitið sáu leiðsögumenn á útlendingatíma og jafnframt því að Veiðifélagið réð sérstakt starfsfólk utan þess tíma. Mjög mikilvægt er að eftirlit sé öruggt, því miklum fjármunum er veitt til verkefnisins og slíkt eftirlit er því forsenda þess að upplýsingar glatist ekki.

3. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐUR.

3.1. Hitafar.

Sumarið 1995 reyndist mun kaldara en sumarið 1994 (Tafla 1). Júnímánuður var þó eilítið hlýrri en 1994, en í júlí og ágúst komu aldrei mikil hlýindi. Þannig reyndist meðalvatnshiti í júlí og ágúst vera 10,0 °C, sem var um 1,5 °C lægra en sumarið 1994. September reyndist hins vegar hlýr og varð meðalhiti hans um 1 gráðu hærri en 1994. Vaxtarskilyrði fyrir seiði reyndust þannig mun lakari en árið áður hvað hitafar varðar og enn fremur er líklegt að göngum sjögönguseiða hafi seinkað miðað við 1994.

3.2. Vöktunarrannsóknir.

3.2.1. Þéttleiki.

Í Draghálsá var veitt á einum stað á fiskgenga hlutanum. Ekkert klak fannst frá hrygningu

1994, en eldri seiði virtust í eðlilegu magni (Tafla 2). Nokkur minnkun varð þó frá heildarseiðafjölda er mældist haustið 1994. Magn seiða í Draghálsa hefur minnkað árin 1994 - 1995 og skýrist það fyrst og fremst af lítilli hrygningu í ánni árin 1993 og 1994.

Í Þverá mældist seiðapéttleikinn 22,9 seiði í einni yfirferð á 100 m² (Tafla 2). Þetta er nokkru minni péttleiki en mældist haustið 1994 og skýrist einkum af því að fjöldi tveggja ára seiða og eldri var nokkru minni en árið áður. Fjöldi vorgamalla seiða var hins vegar meiri en 1994.

Í Kúvallará (Tafla 2) fannst ekki klak (vorgömul seiði) en heildarseiðapéttleiki var mun meiri en í mælingu haustið 1994.

Í Landsá mældist seiðapéttleikinn 23 seiði á 100 m². Ekkert klak fannst þó í ánni, en nokkuð af eldri seiðum. Um verulega minnkun var þó að ræða frá 1994 en þá mældist áin með þrefallt fleiri seiði.

Í Laxá var veitt fyrir neðan vatn og fyrir neðan Eyrarfoss. Mikil minnkun mældist á seiðafjölda miðað við árið 1994 og skýrist það að stærstum hluta af því að lítið af vorgömlum seiðum úr hrygningu 1994 fundust. Þá mældist fjöldi eldri aldurshópa minni en árið 1994. Sama þróun varð á veiðistað neðan við Eyrarfoss. Þar reyndist péttleikinn vera helmingi minni en haustið 1994.

3.2.2. Vöxtur.

Meðallengdir laxaseiða eru sýndar í Töflu 3. Almennt séð var vöxtur seiða svipaður og 1994 einkum hvað varðar efri hluta vatnasvæðisins, en vöxtur laxaseiða í Laxá var hins vegar nokkuð slakari en mældist 1994.

3.2.3. Umræður.

Árin 1994 og 1995 hefur fjöldi laxaseiða á flatareiningu minnkað nokkuð t.d. frá árinu 1993. Helstu ástæður þessa má líklega tengja því að laxgengd árin 1992 og 1993 var léleg og hrygning því minni en endranær. Ennfremur er líklegt að tíðarfar árið 1995 hafi komið niður á vexti seiða og aukið afföll í seiðastofninum, en vatnshitamælingar sýna að meðalhiti í júlí og ágúst 1995 var mun lægri en 1994. Haustið 1995 var hins vegar mjög milt og hefur án efa lengt vaxtartíma seiðanna og getur það hafa vegið upp tiltölulega kalda sumarmánuði.

3.3. Fiskirækt.

3.3.1. Sleppingar sumaralinna laxaseiða.

Sumarið 1994 hófst verkefni er lýtur að sleppingum sumaralinna laxaseiða í vatnakerfi Laxár. Verkefnið miðar að því nýta beitarsvæði ofan fossa í Draghálsá til framleiðslu á sjógönguseiðum, en áin ofan fossa er eina svæðið í vatnakerfinu sem hinn náttúrulegi laxastofn vatnakerfisins nýtir ekki af eigin rammleik. Sumarið 1994 var sleppt um 10.000 sumaröldum seiðum á svæðið, en 1995 var nokkuð dregið úr sleppingunum og var þá sleppt um 6.000 seiðum. Sumarið 1995 var árangur seiðasleppinga kannaður með rafveiðum á tveim stöðum (Tafla 2) um miðjan ágúst. Í ljós kom að seiðin döfnuðu vel á sleppisvæðinu og stærsti hluti seiðanna virðist ná gönguseiðastærð eftir tveggja ára dvöl í ánni. Þannig voru seiðin sem sleppt var 1994 tæplega 9 sm að stærð um miðjan ágúst (Tafla 3). Seiðin sem sleppt var 1995 voru um 7 sm að stærð. Fyrstu endurheimtna úr þessum sleppingum má vænta í ána sumarið 1997.

Standa þarf betur að dreifingu seiðanna en gert var 1994, en þá var of stutt svæði notað til sleppinga og ekki dreift á efri hluta svæðisins. Mælt er með því að áfram verði dreift um 6.000 seiðum í ána á allt sleppisvæðið frá fossi og fram á dal og dreift á grýtt brot í ánni. Hentugasti tíminn í dreifinguna er seinni hluti júnímánaðar.

3.3.2. Gönguseiði.

Endurheimtur merktra laxa í vatnakerfi Laxár.

Alls endurheimtust 149 veiðiuggaklipptir laxar í stangveiði og klakveiði í Laxá sumarið 1995 (Tafla 4). Þar af fannst örmerki í 136 löxum, en 13 reyndust vera merkislausir. Í stangveiði komu fram 117 örmerktir laxar og 19 örmerktir laxar komu fram í klakveiði eftir veiðitíma.

Alls komu 114 örmerktir laxar fram sem sleppt hafði verið í Laxá sumarið 1994, en 22 laxar höfðu verið merktir annars staðar (Tafla 4). Laxar úr sleppingum í hafbeitarstöðvar voru þar fjölmennastir. Þannig kom 1 lax fram úr Kollafirði og 12 merktir laxar frá hafbeitarstöð Silfurlax hf

í Hraunsfirði. Einnig komu fram laxar sem sleppt hafði verið til fiskræktar í Leirá (4 laxar), Hítará á Mýrum (1 lax), Staðarhólsá (1 lax) og Hofsa í Vopnafirði (1 lax). Ennfremur komu fram merktir laxar úr Glerá og Laxá í Dölum, sem merktir voru sem náttúruleg seiði. Laxar upprunnir úr öðrum vatnakerfum komu einungis fram í stangveiði, en ekki í klakveiði.

Ljóst er af þessum niðurstöðum að hafbeitarlax virðist hafa verið fyrirferðarmikill hluti stangveiðinnar í Laxá 1995. Þetta á einkum við um hafbeitarlax frá Hraunsfirði, en ætla má að hlutfall merktra við ómerkta laxa sem sleppt var til hafbeitar í Hraunsfirði 1994 hafi verið 1 á móti 36 (Sumarliði Óskarsson, munnlegar upplýsingar). Ef þetta hlutfall er notað má áætla að yfir 400 laxar hafi veiðst í Laxá í Leirársveit af hafbeitaruppruna árið 1995 eða tæplega 30% af stangveiði á laxi í vatnakerfi Laxár sumarið 1995.

Endurheimtur gönguseiða frá 1994.

Alls var sleppt 10.565 sjógönguseiðum af stofni Laxár í Leirársveit sumarið 1994. Alls skiluðu sér 95 merktir laxar úr sleppingunni í stangveiði í Laxá 1995, en auk þess komu fram 9 laxar úr sleppingunni annars staðar. Þar af komu fram 3 laxar í hafbeitarstöðinni Vogavík í Vogum á Vatnsleysuströnd, 1 merktur lax í hafbeitarstöðinni í Kollafirði, 1 merktur lax í hafbeitarstöðinni í Lárósi og 2 merktir laxar í hafbeitarstöð Silfurlax hf í Hraunsfirði. Auk þess komu fram merktir laxar úr sleppingunni í sjávarveiði á Innra Hólmi (1 lax) og í Haukadalsá í Dalasýslu (1 lax).

Sleppingin skilar því 0,9% endurheimtum sé miðað við stangveiði í Laxá (Tafla 5). Sé miðað við að 40% af merkta fiskinum hafi veiðst í Laxá (40% veiðialag), er heildarganga merktra laxa í Laxá áætluð 238 laxar eða 2,26% endurheimtur. Áætlaðar heildarheimtur eru því 2,33%. Þessi árangur er svipaður og endurheimtist í hafbeitarstöðvar sumarið 1995. Enn á tveggja ára fiskur eftir að skila sér úr sleppingunni og heildarheimtur liggja því fyrir eftir veiðitímabilið 1996. Árangur af sleppingunni verður því að teljast talsverður, enda óvíst að allir merktir laxar hafi fundist við leit hjá veiðimönnum. Laxinn virðist hafa ratað vel í ána, og einungis 9 laxar af áætlaðri heildargöngu (246 laxar) koma fram utan árinna eða 3,7% laxanna, og veiddust þeir aðallega í hafbeitarstöðvum.

Endurheimtur eftir einstökum sleppihópum reyndust nokkuð mismunandi (Tafla 5) eða frá 0,71 - 1,21% í stangveiði. Sleppihópar nr 117 og 118 (Tafla 5) voru með bestar heimtur. Innan þessara hópa voru kynþroska hængseiði merkt sérstaklega og kom í ljós að ókynþroska seiði í þessum

hópum skiluðu að jafnaði 1,1% heimtum, en kynþroska hængseiði skiluðu 2,4% heimtum (Jóhannes Sturlaugsson, Sumarliði Óskarsson og Sigurður Már Einarsson, óbirt gögn).

Endurheimtur í stangveiði innan Laxár.

Þeir laxar sem veiddust í Laxá og voru upprunnir annars staðar en í Laxá veiddust langflestir á neðsta svæði árinna (Tafla 6). Merktir laxar úr Hraunsfirði veiddust þannig flestir frá Mjóhýl að Laxfossi og laxar upprunnir annars staðar frá veiddust frá Mjóhýl upp að Whiskystreng. Þessar niðurstöður renna stoðum undir það álit að laxar upprunnir úr öðrum ám og hafbeitarstöðvum geti gengið upp í önnur vatnakerfi og en síðan snúið aftur til sjávar er þeir finna að heimkynnin eru ekki þau réttu. Þetta virðist sérstaklega áberandi með hafbeitarlaxinn úr Hraunsfirði, en sá mikli fjöldi merkja sem fram kom í Laxá bendir til að ratvísi laxins hafi enn fremur verið ábótavant af einhverjum ástæðum. Laxveiðin í Laxá sumarið 1995 einkenndist mjög mikið af því að laxinn sótti lítið fram ána og var óvenjulega góð veiði á neðri hluta árinna allt veiðitímabilið. Líklegasta skýringin á því er að mikill fjöldi hafbeitarlaxa hafi gengið í ána og veiðst í stórum stíl eins og niðurstöður merktra laxa benda til. Í ádrætti um haustið sem reyndar fór einkum fram á efri hluta Laxár veiddust hins vegar einungis örmerktir laxar upprunnir úr sleppingu í Laxá.

Laxar merktir í Laxá og sleppt við Eyrarfoss veiðast hins vegar jafnt um alla ána upp að sleppistað við Eyrarfoss (Tafla 6). Þannig veiddust einungis þrír merktir laxar úr sleppingunni ofan Eyrarfoss eða 4% merktra laxa í ánni. Þarna virðist hin mikla ratvísi laxins koma vel í ljós, þ.e. laxinn sækir að sínum sleppistað en lítið upp fyrir hann. Það virðist því hafa verið rétt ákvörðun að staðsetja sleppistaðinn ofarlega í ánni þannig að fiskurinn veiddist um alla ána. Ef seiðunum hefði verið sleppt mjög neðarlega er líklegt að laxinn hefði síður gengið fram ána. Í klakveiði eftir veiðitíma kom þetta enn fremur mjög vel í ljós. Flestir merktu laxanna veiddust á veiðistöðum rétt neðan við sleppistaðinn við Eyrarfoss.

3.4. Talning á laxi.

Talning á laxi í Eyrarfossi hófst 20. júní og lauk 23. september. Miklar truflanir urðu á rekstri teljarans vegna þess að loftsgögn gegnum teljaraopið hafði truflandi áhrif og bilun kom auk þess upp í skynjara. Teljarinn virkaði þannig ekkert á tímabilinu 20. júlí til 15. ágúst. Utan þess tímabils

töldust 255 laxar. Niðurstöður sumarsins urðu því ómarktækar, en ýmislegt bendir þó til að gangan hafi verið meiri en undanfarin ár. Vonast er til að nú hafi verið komist að fullu fyrir allar bilanir þannig að teljarinn vinni eðlilega upp frá þessu.

Margt bendir til að lax muni ganga fyrir í árnar vorið 1996 en fyrri ár vegna hlýinda til lands og sjávar. Því er lagt til að teljarinn verði settur upp strax í byrjun júní þannig að teljarinn missi örugglega ekki af göngum um stigann.

3.6. Laxveiðin 1995.

Í Laxá veiddust 1425 laxar árið 1995 og auk þess 57 laxar í vötnum í Svínadal eða alls 1482 laxar. Smálaxinn einkenndi veiðina, en það er lax sem dvalið hefur eitt ár í sjó. Alls veiddust 1280 smálaxar eða 86,4% veiðinnar. Alls veiddust 202 laxar sem dvalið höfðu tvö ár í sjó eða 13,6% veiðinnar. Alls kom því 96,1% veiðinnar á stöng úr Laxá. Þessar tölur sýna mikla aukningu á veiði frá undanförunum árum (1. Mynd). Árin 1974-1995 er meðalveiðin í Laxá 1022 laxar (Guðni Guðbergsson 1995) og er því veiðin 1995 39,1% betri en meðalveiði áráanna 1974 - 1995. Laxá reyndist þannig í 5 sæti laxveiðiáa á Íslandi 1995 hvað snertir fjölda veiddra laxa.

Þessa aukningu á veiði má sennilega rekja mest til sleppinga sjógönguseiða sem skiluðu tæplega 100 löxum í veiðina 1995 en að stærstum hluta virðist unnt að rekja þessa aukningu til villna á hafbeitarlaxi og er þannig líklegt að meira en 400 laxar hafi veiðst í ánni 1995 sem upprunnir voru úr hafbeit. Alls er því líklegt að meira en 500 laxar hafi veiðst vegna fiskiræktar og villna á hafbeitarlaxi sumarið 1995 sem nemur um 35% af heildar stangveiði í ánni.

4. UMRÆÐUR.

Allt frá árinu 1992 hefur fjöldi laxaseiða og vöxtur þeirra verið kannaður árlega á völdum veiðistöðum í vatnakerfinu. Niðurstöður þessara mælinga sýna að frá árinu 1992 hefur dregið úr heildarfjölda laxaseiða á veiðistöðum á vatnasvæðinu, sérstaklega á veiðistöðum á efri hluta vatnasvæðisins og afrakstur vatnasvæðisins virðist þannig fara minnkandi samkvæmt mælingum á þéttleika laxaseiða. Líklegasta skýringin á þessu er að laxgengd hefur verið léleg undanfarin ár og hrygningarstofn þannig farið minnkandi. Þá gæti tíðarfar t.d. árið 1995 hafa haft neikvæð áhrif á seiðastofn áránnar. Lagt er til að áfram verði fylgst með þéttleika laxaseiða á vatnasvæðinu, en

rannsóknir verði gerðar á fleiri stöðum en gert hefur verið, sérstaklega á neðri hluta árinna. Þá er lagt til að mælingar á vatnshita fari fram á sama hátt og undanfarin ár til að fylgjast með breytingum á tíðarfari.

Talningar á laxi í Eyrarfossi hafa gengið misjafnlega, vegna bilana í tækjabúnaði. Vonast er til að þau vandamál hafi nú verið leyst. Lagt er til að talning hefjist fyrr en venjulega og að teljarinn verði settur niður strax í byrjun júní.

Sleppingar sumarialinna seiða haldi áfram og sleppt verði um 6.000 seiðum á ófiskgenga hluta Draghálsár. Áriðandi er að vel verði staðið að dreifingu seiðanna þannig að allt búsvæði ófiskgenga hlutans verði nýtt við dreifingu seiðanna.

Fyrstu niðurstöður sleppinga á sjógönguseiðum gefa til kynna að unnt sé að ná árangri með slíkar sleppingar á vatnasvæðinu. Í þessu sambandi er ítrekað að mjög áriðandi er að eftirlit með merktum löxum sé viðunandi, þannig að niðurstöðum megi treysta. Við skipulag verkefnisins var miðað við að að sleppa slíkum seiðum þrisvar sinnum og vorið 1996 er síðasta árið sem slíkum seiðum er sleppt samkvæmt þeirri áætlun. Í ljósi þess að mælingar á þéttleika laxaseiða gefa til kynna að dregið hafi úr framleiðslu laxaseiða á vatnasvæðinu, er mælt með því að sjógönguseiðum verði einnig sleppt vorið 1997 með svipuðum hætti og gert hefur verið.

Niðurstöður merkinga og endurheimtna á merkjum gefa einnig til kynna að hafbeitarlax hafi gengið í miklum mæli í Laxá árið 1995 vegna villna á laxi frá hafbeitarstöðinni í Hraunsfirði, þar sem ratvísi laxins hefur greinilega verið ábótavant. Villur í slíkum mæli eru áhyggjuefni vegna hugsanlegrar blöndunar á aðkomustofni við heimastofn. Slíkar villur hafa áður komið fram frá hafbeitarstöðvum t.d. árin 1990 og 1991. Ástæður liggja ekki fyrir, en líklega tengjast þessar villur seiðagæðum og þeirri tækni sem notuð er við sleppinga seiðanna. Mjög er nú að draga úr hafbeitarstarfsemi, vegna lélegra endurheimtna í hafbeit sem ekki hafa staðið undir rekstri stöðvanna.

Að lokum er mælt með því að áfram verði haldið að taka hreistursýni af löxum í Laxá, en taka hreistursýna gefur mikilvægar upplýsingar um laxastofn árinna hverju sinni.

5. HEIMILDIR.

Guðni Guðbergsson 1995. Lax- og silungsveiðin 1995. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-R/96004.

Sigurður Már Einarsson 1993. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1986-1992.

Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/93007X. 17 bls.

Sigurður Már Einarsson 1994. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1993. Veiðimálastofnun.

Skýrsla. VMST-V/94007X. 15 bls.


Sigurður Már Einarsson 1995. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1994. Veiðimálastofnun.

Skýrsla. VMST-V/95004X. 8. bls.

Teitur Arnlaugsson 1978. Seiðakönnun í Skarðsá Leirársveit. VMST-R. Skýrsla. 6 bls.

Þórir Dan Jónsson 1981. Laxá í Leirársveit. VMST-V. Skýrsla. 11 bls.

1. Mynd: Laxveiði í Laxá 1974-1995.



TAFLA 1

Meðalvatnshiti (°C) hvers mánaðar ásamt hæsta og lægsta gildi hita
í hverjum mánuði frá júní til september, samkvæmt
mælingum sírita í Eyrarfossi árin 1994 og 1995.

Mánuður	1994			1995		
	Meðalhiti	Hámark	Lágmark	Meðalhiti	Hámark	Lágmark
Júní	7,99	12,2	4,0	8,34	12,7	6,0
Júlí	11,49	16,3	8,1	10,02	15,1	6,4
Ágúst	11,30	15,6	7,2	10,00	12,7	8,1
September	7,02	11,2	3,1	8,02	11,5	3,8

TAFLA 2

Þéttleiki laxfiskaseiða (fj. í einni umferð á 100 m² á nokkrum stöðum í vatnakerfi
Laxár í Leirársveit 14. ágúst 1995.

Veiði- staður	Lax					Urriði Alls	Bleikja Alls
	0+	1+	2+	3+	Alls		
<i>Ófiskgeng svæði</i>							
Draghalsá 1	11,0	2,5			13,5	0	0
Draghalsá 2		9,3			9,3	0	0
<i>Fiskgeng svæði</i>							
Draghalsá 3		16,6	5,0	1,3	22,9	4,1	0
Þverá 1	11,1	14,3	2,4	0	27,8	15,5	0
Kúvallará 1	0	15,0	3,3	1,7	20,0	1,7	2,8
Landsá 1	0	16,0	6,0	1,0	23,0	8,0	4,0
Laxá 1	8,3	20,0	3,3	0	31,6	3,9	1,1
Laxá 2	0,8	11,7	29,2	1,3	43,0	8,3	0,4

TAFLA 3

Meðallengdir laxaseiða (sm) eftir aldurshópum á
veiðistöðum í Laxá Leirársveit 14. ágúst 1995.

VEIÐISTADIR	0+		1+		2+		3+	
	Ml	n	Ml	n	Ml	n	Ml	n
<i>ÓFISKGENG SVÆÐI</i>								
Draghálsá 1	7,06	22	8,7	5				
Draghálsá 2			9,1	26				
<i>FISKGENG SVÆÐI</i>								
Draghálsá 3			6,33	53	8,28	16	9,8	4
Þverá 1	3,23	27	5,79	36	8,53	6		
Kúvallará 1			5,62	27	8,56	6	10,07	3
Landsá 1			5,65	16	8,16	6	11,2	1
Laxá 1	3,51	15	6,54	36	10,35	6		
Laxá 2	2,75	2	5,91	28	7,5	65	9,7	3

TAFLA 4

Endurheimtur á örmerktum löxum í vatnakerfi Laxár í Leirársveit
í stangveiði og klakveiði 1995 eftir uppruna laxa.

Sleppistaður	Sleppiár	Fjöldi endurheimtra		
		Stangveiði	Klakveiði	Heildarfjöldi
Laxá í Leirársveit	1994	95	19	114
Kollafjörður	1994	1	0	1
Leirá í Leirársveit	1994	4	0	4
Hítará	1994	1	0	1
Hraunsfjörður	1994	12	0	12
Laxá í Dölum	1994	1	0	1
Glerá í Dölum	1994	1	0	1
Staðarhólsá	1994	1	0	1
Hofsá í Vopnafirði	1994	1	0	1
<i>Heildarfjöldi</i>	<i>1994</i>	<i>117</i>	<i>19</i>	<i>136</i>
Merkislausir		13	0	13

TAFLA 5

Endurheimtur örmerktra laxa úr sleppingu laxaseiða í
Laxá í Leirársveit 1994.

	Nr. Sleppihópa					
	114	115	116	117	118	Alls
<i>Fjöldi merktra</i>						
Laxá stangveiði	18	16	2	32	27	95
Laxá (áætluð heildarganga)	45	40	5	80	68	238
Heimtur utan Laxár	0	1	0	3	5	9
Áætlaðar heildarheimtur	45	40	5	83	73	246
<i>% merktra</i>						
% heimtur stangveiði	0,71	0,75	0,76	1,21	0,90	0,90
% áætl. ganga í Laxá	1,78	1,88	1,91	3,03	2,26	2,26
% Áætl. heildarheimtur	1,78	1,93	1,91	3,14	2,42	2,33

TAFLA 6

Endurheimtur örmerktra laxa í Laxá í Leirársveit eftir
veiðistöðum og uppruna.

Nr.	Veiðistaður	Uppruni merktra laxa			
		Laxá	Hraunsfjörður	Aðrir	Alls
0	Mjóhýlur		1	1	2
1	Stekkjarnesstrengur	3	2	1	6
2	Grettisbreiða	7	1		8
3	Grettisstrengir	1		2	3
4	Vaðstrengir I-III	9			9
5	Laxfoss	12	3	2	17
9	Whiskystrengur	3		1	4
10	Ljónið	3			3
12	Jónsstrengir	1			1
16	Merkjastrengir I	3			3
16A	Laxahólmi	2			2
17	Steinsholtsskvörn	2			2
18	Ármót	1			1
19	Tungufljót		1		1
21	Miðfellssfljót	7			7
26	Gránesfljót	3			3
27	Krókur	2			2
28	Bakkastrengur	1			1
29A	Kvíastrengur	5	1		6
30	Eyrarfoss	7			7
32	Hringir	2	1		3
35	Krummastrengur	1			1
?	Ekki skráð	20	2	3	25
	Heildarfjöldi	95	12	10	117